



Á flækingsi

Jóhanna heitir kona Sigurðardóttir alþingismanns og forstjóra Tryggingastofnunar Ingimundarsonar. Jóhanna hefur um sjö ára skeið verið félagsmálaráðgjafi en er nú hætt því starfi af persónulegum ástæðum. Persónulega ástæðan heitir Jón Baldvin Hannibalsson alþingismanns Valdimarssonar. Jóhanna er hætt í Alþýðuflokknum og er að smala fólki í nýtt framboð. Hún sér fram á sérframboð.

Jóhönnu ætti ekki að vera skotaskuld úr því að finna gott fólk á lista hjá sér. Nefna má Júlíus Sólves og Óla Þ. Guðbjartsson sem dæmi. Einnig má nefna Guðmund Einarsson og Stefán Benediktsson. Stefán Valgeirsson er enn við lýði, er það ekki? Um Ólínu Þorvarðar þarf ekki að fjölyrða. Gvendur Jaki er áreiðanlega tilkippilegur í heiðursæti. Annað fólk frá launþegahreyfingunni er sjálfgefið, t.d. Ragna Bergmann og Lára Júlíusdóttir, Pétur Sigurðsson frá Vestfirðum, Þórunn Sveinbjarnardóttir frá Sókn og glimrandi að fá sjálfan Ögmund BSRB Jónasson um borð. Ætli Ásmundur gamli Stefánsson sé á lausu? Jóhannes Guðnason, síhljandi bílstjórinn hjá Dagsbrún, er pottþéttur. Jón Magnússon lögfræðingur er smuga, en varla Ellert B. Schram, hann er mágur Jóns Baldvins.

Síðan má sitja fyrir öllum konunum sem koma ferskar og meðvitaðar frá Nordisk Forum í Finnlandi.

Stefna nýja listans hennar Jóhönnu? Mál sem enginn annar flokkur kemur nálægt. Að vera á móti aðild að Evrópusambandinu. Þetta er að vísu samþykkt Alþingis og því stefna þjóðarinnar, en bara Jóhanna meinar þetta. Vörn fyrir velferðarkerfið? Það vantar alveg flokk til að passa upp á velferðarkerfið. Hún kann á það hún Jóhanna. Kaupmáttaraukning launafólks? Bara Jóhanna berst fyrir slíku. Aukinn vegur og völd kvenna? Bara Jóhanna. Hún hefur algera sérstöðu. Hver önnur en Jóhanna hefur fært alþýðunni góðar gjafir á borð við húsbreftin? Allir vita að hin illu verk þessarar vondu núverandi ríkisstjórnar eru ekki Jóhönnu að kenna. Það vita allir að í hvert sinn sem ríkisstjórnin gerði eitthvað illt af sér þá stóð Jóhanna upp og hótaði því að segja af sér. Og settist aftur niður með þjósti og stæl.

Jóhanna verður ekki ein um sérframboð. Það er á allra vitorði að Ingi Björn Albertsson alþingismanns Guðmundssonar er í fylu og hefur ekki mætt á fundi hjá Sjálfstæðisflokknum frá því skömmu eftir að hann gekk í þann flokk frá Frjálslyndum hægri mönnum, sem hann var í til bráðabirgða eftir að hafa verið í Borgaraflokknum hans pabba síns. Það gefur auga leið að hann fer í sérframboð úr því Sjálfstæðisflokkurinn passar ekki á hann. Hann hefur ekkert með það að gera að fara aftur í viðskiptin. White Horse Whiskeyið selur sig sjálft. Og það að vera þingmaður gefur nægan frítíma til að stunda knattspyrnuþjálfun. Það þarf ekki mikið á heim bæ að vippa upp sérframboði. Gamli góði hulduherinn er enn vel smurður og grár fyrir járnnum. Fá Helenu heim, væla smá um litla manninn og um ofríki fjórflokksins og þingsætið er tryggt.

Rithöndin

Hvers konar yfirgangur og valdníðsla er fjarri þér

Samkvæmt skriftninu ertu yfirleitt Shæglát og lætur lítið að þér kveða. En svo getur þú allt í einu dregið allra athygli að þér með einhverjum röt-tækum og óvæntum aðgerðum. Skap- ið og áhuginn getur blossað upp skyndilega. Sennilega helst þegar þér finnst vegið að nauðstöddum eða ein- hverju sem þér er heilagt. Og þá er betra að hafa þig með sér en á móti.

Þú kannst best við þig í mildu og ró- legu umhverfi. Hvers konar yfirgangur og valdníðsla er fjarri þér og þú vilt ekki láta öðrum haldast það uppi. Þú virðist hrifin af ljúfri þjóðlagatónlist og gamlir síðir og kirkjulist finnst þér líka áhugavert. Sennilega ert þú trúuð á þinn eigin sérstæða hátt. Þú munt kunna vel við þig með börnum og dýrum. Einkum litlum börnum og

dýrum. Þú hefur skapandi hæfileika en virðist ekki fyllilega hafa fundið þeim útrás. Líklega gætir þú náð ár- angri í fleiri en einni listgrein.

Það er nokkur hætta á að þú getir verið of róleg og tækifærin fari fram- hjá þér. Þú þyrftir að jafna sveiflurnar í skapgerðinni dálítið út, þannig að þú værir aldrei óvirk og aldrei yfirhlaðin. Takist það eru allar líkur á að þú nái mjög langt á lífsleiðinni.

Gangi þér vel.

R.S.E.



Gunnhildur Arnardóttir, starfsmaður Samvinnuferða-Landsýn.



Tilveran og ég

Það var nógu spaugilegt að þeyra fyrstu fréttir Ríkisút- varpsins frá Nordisk Forum. Hótel stóð í björtu báli, lesbíur voru úti um allt og finnskar konur fluttu erindi um hernaðarupp- byggingu og þáttöku kvenna í hervörnum landa sinna. Og til að kóróna allt saman kyrjaði kór vest-norræna kvenna „Móðir mín í kví kví“ í bakgrunninum. Þetta verkaði einna helst líkt og hjarðir Atla Húnakonungs væru á ferð. Brennuóðar lesbíur vaðandi um allt með vopnaskaki. Og svo sagðist framkvæmdastjóri ráð- stefnunnar ekki reikna með að nokkuð kæmi út úr þessu. Þarf víst engan að undra!

En þetta var í alvöru talað ákaf- lega einkennileg frétt. Hvernig stóð á þessum brunu? Var hann eitthvað tengdur því að konurnar þurftu sumar að bíða í 10 tíma eftir hótelplassi. Kveiktu þær bálið í heilagri illsku sinni yfir að fá ekki rúm? Voru engar jötur? Eða or- sakaðist þetta allt saman af of miklum bjór og teki? Spyr sá sem ekki veit, en hér vantaði mikið á að fréttamaðurinn stæði sig í stykkinu.

Og hvað með allar þessar lesbí- ur? Hvernig voru þær svona áber- andi? Og hver var þeirra boðskapur? Voru þetta aðskilnaðarsinnar eða bara konur að leita sér að rekkjunaut? Þetta minnti nú að- eins á kallþingin: Hommar að vísu ekki mjög áberandi nema í sánunum en allir með hugann meira við klofið á sér en verkefni þingsins.

Hernaðarhyggja finnskra kvenna kom mér líka nokkuð á ó- vart. Síðast þegar ég frétti voru allir í þessum mjúku gildum. Að setja rósir í byssuhlaup og þess háttar. Þegar ég bjó í Svíþjóð þá hittust þar ekki tvær konur öðru- vísi en það væri „í þágu friðar.“ Bingó, saumaklúbbur, langstökk og vinsmökkun. Alltaf var hnýtt aftan við „fyr freden.“ Ég held að það hafi nú enginn séð neinn á- þreifanlegan árangur en hugsunin var áreiðanlega falleg þó hún væri nokkuð þokukenn.

En þetta er greinilega ekki lengur það sem gildir, að minnsta kosti ekki meðal finnskra kvenna. Skyldi þetta eitthvað tengjast þessum lesbíum? Maður sér í anda nýju félögin og slagorðin: „Lesbíur fyrir hernaði.“ „Ein- kennisbúningur í stað brúðarkjól.“ „Byssur eru sexí.“ Mér list ekki meira en svo á þetta.

Persónulega held ég samt að þetta tengist allt saman þessari uppkomu með „Móðir mín í kví kví.“ Það hefur þurft sterk bein til að sitja undir þessum ósköpum og konurnar þegar í adrenalínúsi! Hlaut að enda með hörmungum, eitthvað varð undan að láta. Og eins og svo oft áður undir líkum kringumstæðum er það skynsem- in sem fer fyrst. Því er það að fólk sem maður þekkir hér heima sem geðprúðar húsmæður, þriggja barna mæður, afgreiðslustúlkur og ræstitaekna tapa öllum áttum. Kveikja í hótelum, veifa vopnum, falla hver í annars faðm og gráta af frygd og losta. Ekki skritið að fréttamaðurinn, sjálf kona, skuli eitthvað aðeins ruglast í þessum ósköpum.



Sigurður Árni og Kristinn við Kjarvalsmálverk að Kjarvalsstöðum.

Mynd: Ól. Þ.

Þrjár sýningar á Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 6. ágúst kl. 16:00 verða formlega opnaðar að Kjarvalsstöðum þrjár sýningar: verk Kristins G. Harðarsonar, sýninga á verkum Sigurðar Árna Sigurðssonar og sumarsýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals.

Í Miðsal verður sýning á verkum Kristins G. Harðarsonar. Kristinn hefur markað sér persónulegt svið með listsköpun sinni, sem umfram allt felst í því að taka hversdagsleg viðfangsefni, oftast byggð á reynslu úr hinu daglega lífi, úr sínu upprunalega umhverfi, og gefa þeim nýja og ó- vænta merkingu. Þótt verk Kristins séu oft fátækleg að efni og gerð búa þau ávalt yfir furðulegri ljóðrænu. Kristinn dvelst nú vest- an hafs og hefur gert um nokkurt skeið.

Í Vestursal verður Sigurður Árni Sigurðsson með sýningu.

Sigurður Árni hefur verið bú- settur í París undanfarnin ár og hafa verk hans vakið athygli þar og víða í Evrópu. Sigurður Árni sýnir málverk og teikningar. Meðal þeirra eru verk uhnin út frá hugmyndum um almennings- garða. Í verkum sínum byggir hann á náttúruformum, en forðast rökhyggju natúralismans. Lista- safn Reykjavíkur að Kjarvalsstöð- um gefur í tilefni sýninga Kristins og Sigurðar út tvær vandaðar bækur, þar sem fjallað er um myndlist þeirra og brugðið upp nokkrum myndum þeirra.

Í Austursal verður sýning á verkum úr eigu Kjarvalssafns. Jó- hannes S. Kjarval er óumdeilan- lega einn helsti meistari Íslend- inga á sviði myndlistar og skipa

verk hans stóran sess í huga þjóð- arinnar. Hann fæddist á Efríey í Meðallandi árið 1885 og lést í Reykjavík 1972. Hann skildi eftir sig lífsstarf sem verður að telja einn af mikilvægari hlutum í menningararfi íslensku þjóðar- innar. Kjarvalsstaðir eiga mikið safn verka eftir hann. Stofnin af því er gjöf listamannsins til Reykjavíkurborgar árið 1968. Síð- an þá hafa fjölmargir einstakling- ar gefið safninu ómetanleg verk og hafa þannig með velvilja sínum stuðlað að því að halda minningu Kjarvals á lofti á verðugan hátt. Sýningin er einstakt tækifæri fyrir almenning að skoða verk eftir meistara Kjarval.

Sýningarnar eru opnar daglega til 11. september frá kl. 10 - 18. Kaffistofa Kjarvalsstaða verður opin á sama tíma.